

Skýrsla um gagnsæi 2021

Aukinn sýnileiki



Ágúst 2022

Efnisyfirlit

Staðfesting stjórnar og framkvæmdastjóra	2
Félagsform og eignarhald	3
Stjórnskipulag	5
Innra gæðaeftirlitskerfi	6
Ytra gæðaeftirlit	10
Einingar tengdar almannahagsmunum	11
Starfskjör eigenda	12

Staðfesting stjórnenda


Skýrsla Grant Thornton endurskoðunar ehf. um gagnsæi fyrir árið 2020 er gerð samkvæmt **lögum nr. 94/2019** um endurskoðendur og endurskoðun. Með vísan til ákvæða í **13. gr.** reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) **nr. 537/2014**.

Samkvæmt reglugerð nr. 537/2014 ber endurskoðunarfyrtækjum, sem hafa með höndum endurskoðun eininga tengdum almannahagsmunum, að birta á vefsvæði sínu skýrslu um gagnsæi.

Í skýrslunni koma fram þau atriði sem kveðið er á um að koma skuli fram í fyrrnefndri reglugerð og þær óhæðisreglur sem fyrirtækið fer eftir.

Stjórn Grant Thornton staðfestir samkvæmt sinni bestu vitund að öll þau atriði sem kveðið er á um í 13. gr. reglugerðar nr. 537/2014 komi fram í skýrslunni. Einnig lýsir stjórnin því yfir að innra gæðaeftirlitskerfi félagsins, eins og því er lýst í skýrslunni, sé skilvirkt og staðfestir að þeim óhæðisreglum sem félaginu ber að fylgja og er lýst í skýrslunni hafi verið fylgt.

Reykjavík 29. ágúst 2022


Theodor S. Sigurbergsson


Sturla Jónsson


Davíð Arnar Einarsson

Félagsform og eignarhald

Félagsform

Grant Thornton endurskoðun ehf. er einkahlutafélag með skráða starfsemi á sviði endurskoðunar, reikningshalds, bókhalds, og skattaráðgjafar. Félagið var stofnað árið 1989 og er skráð til heimilis að Suðurlandsbraut 20 í Reykjavík.

Eignarhald

Eigendur Grant Thornton endurskoðunar ehf. eru þrír. Þeir eru Davíð A. Einarsson, Sturla Jónsson og Theodór S. Sigurbergsson, allir löggiltir endurskoðendur.

Starfsmenn

Starfsmenn Grant Thornton endurskoðunar voru um 28 í árslok 2021. Hjá félaginu starfa 8 löggiltir endurskoðendur með víðtæka reynslu og þekkingu af atvinnulífinu. Því til viðbótar hefur félagið innan sinna raða viðskiptafræðinga, sérfræðinga á hinum ýmsu sviðum og bókkara.

Eigendur Grant Thornton endurskoðun ehf.



Theodór S. Sigurbergsson
Framkvæmdastjóri og eigandi



Davíð Arnar Einarsson
Eigandi



Sturla Jónsson
Eigandi

Grant Thornton International Ltd.

Grant Thornton endurskoðun ehf. varð aðili að **Grant Thornton International Ltd (GTIL)** árið 1997. Grant Thornton International Ltd. er alþjóðlegt net sambærilegra félaga sem deila sameiginlegu nafni, vörumerki, gildum, þekkingu og reynslu. Fyrirtækin tengjast í gegnum GTIL en það ber ábyrgð á að samhæfa starfsemi aðildarfélaganna.

Grant Thornton International Ltd samstæðan samanstandur af aðildarfélögum sem eru lögaðilar hvert í sínu landi og er þar af leiðandi ekki eitt félag. Félögin starfa samkvæmt sömu aðferðarfræði og eiga í nánú samstarfi. Þar sem félögin eru sjálfstæð bera þau ekki lagalega ábyrgð á þjónustu eða aðgerðum annarra aðila undir sama nafni.

Aðildarfélög GTIL starfa í rúmlega 140 löndum og undir merkjum þess starfa yfir 750 endurskoðendastofur víðs vegar um heiminn. Fjöldi starfsmanna aðildarfélaganna er um 62.000.



140+ löndum




750+ endurskoðunarstofur



62.000+ starfsmenn

GTIL er ekki rekið í hagnaðarskyni og það veitir ekki þjónustu til viðskiptavina. Þjónusta til viðskiptavina er í höndum sjálfstæðra aðildarfyrirtækja GTIL.

Með aðild að Grant Thornton International Ltd. gefst viðskiptavinum Grant Thornton endurskoðunar ehf. tækifæri til að nýta sér góða og trausta þjónustu.



Stjórnskipulag

Stjórnskipulag félagsins er tilgreint í samþykktum þess og samkvæmt þeim fer hluthafafundur með æðsta vald í málefnum félagsins. Stjórn félagsins kemur fram fyrir hönd hluthafa og ræður framkvæmdastjóra sem ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins. Stjórnskipulag Grant Thornton endurskoðunar ehf. skiptist í eftirfarandi þrep:

1. Hluthafafundir
2. Stjórn félagsins
3. Framkvæmdastjóri

Stjórn

Stjórn félagsins er skipuð þremur mönnum sem allir eru hluthafar og löggiltir endurskoðendur. Stjórn félagsins er þannig skipuð:



Davíð Arnar Einarsson, stjórnarformaður



Theodór S. Sigurbergsson, meðstjórnandi



Sturla Jónsson, meðstjórnandi

Framkvæmdastjóri félagsins, Theodór S. Sigurbergsson, löggiltur endurskoðandi, er hluthafi og í stjórn félagsins.

Fjárhagsupplýsingar

Heildarvelta félagsins á árinu 2021 var 586,6 milljónir króna, þar af 232,0 milljónir króna vegna endurskoðunar og annarrar staðfestingarvinnu. Endurskoðun og staðfestingarvinna fyrir einingar tengdar almannahagsmunum námu 57,0 milljónum króna og þar af var önnur staðfestingarvinna 11,6 milljónir króna.



Innra gæðaeftirlitskerfi

Samkvæmt **4. gr. laga nr. 94/2019** ber endurskoðunarfyrirtækjum að hafa formlegt gæðakerfi.

Endurskoðunarfyrirtæki verða að sýna fram á að gæðakerfið hafi verið innleitt en í því felst að það á að vera skriflegt og aðgengilegt þeim sem það nota sem og þeim sem taka út gæðaeftirlitskerfi fyrirtækisins.

GTIL gerir ríka kröfu til þess að aðildarfyrirtæki lúti reglum og stöðlum um gæði í allri sinni þjónustu. Því er fylgt eftir með reglulegu gæðaeftirliti af hálfu GTIL.

Grant Thornton International er eitt af stofnendum IFAC Forum of Firms og er það einnig skuldbundið alþjóðlega til að samræma og tryggja samræmda gæðastaðla fyrir

endurskoðuð verkefni. GTIL er því í fararbroddi varðandi þróun á gæðastöðlum vegna endurskoðunar.

Grant Thornton endurskoðun ehf. vinnur eftir ströngu gæðastjórnunarkerfi og innri eftirlitsferlum. Félagið fylgir ferlum sem tryggja óhæði eigenda og annarra starfsmanna í endurskoðunarvinnu okkar.

Auk innra gæðaeftirlits okkar og eftirlits Endurskoðendaráðs með gæðaeftirliti okkar sæta aðildarfyrirtæki GTIL reglulegum skoðunum á innra gæðaeftirliti fyrirtækisins.

Grant Thornton endurskoðun ehf. hefur komið á fót gæðastjórnunarhópi sem ber ábyrgð á að gæðastjórnunarkerfi GTIL uppfylli á hverjum tíma gildandi staðla, lög og reglur.

Gæðaeftirlitskerfi okkar er í samræmi við alþjóðlegan staðal um gæðastjórnun innan endurskoðunarstofa (e. International Standard on Quality Control 1, ISQC 1). Kerfið tekur einnig mið af siðareglum endurskoðenda (IFAC Code of Ethics) sem og alþjóðlegum staðli um gæðastjórnun í verkefnum (International Standard on Auditing, ISA 220). Gæðaeftirlitskerfið inniheldur þá meginþætti sem gæðaeftirlitskerfi eiga að innihalda samkvæmt ISQC 1, en þeir eru eftirfarandi:



Ábyrgð stjórnenda á gæðamálum



Siðferðilegar kröfur, þar með talið óhæðiskröfur



Samþykki nýrra og áframhaldandi viðskiptasambanda



Mannauðsmál



Framkvæmd og gæðaeftirlit í endurskoðunarverkefnum



Vöktun

Ábyrgð stjórnenda á gæðamálum

Stjórnendur félagsins bera ábyrgð á gæðamálum þess til þess að ferlum og reglum varðandi gæðamál sé fylgt eftir í hvívetna.

Siðferðilegar kröfur, þar með talið óhæðiskröfur

Hlutleysi og sjálfstæði í hugsun er nauðsynlegt til að viðhalda orðspori endurskoðenda. Við höfum öflugt ferli sem heldur utan um óhæði starfsmanna og leitar eftir hagsmunaárekstrum. Ferlið er hannað til að koma auga á mögulega hagsmunaárekstra nógu tímanlega og hvernig á að leysa úr þeim á sem farsælastan hátt.

Fylgst er með óhæði aðildarfyrirtækja GTIL og starfsmanna þeirra í alþjóðlegu skráningarkerfi og yfirfarið reglulega af aðildarfyrirtækjum og starfsmönnum þeirra.

Í þessu sambandi hefur Grant Thornton endurskoðun ehf. innleitt alhliða ferli sem tryggir að óhæði og siðareglum sé fylgt. Félagið hefur innleitt kerfi til að skrá og hafa eftirlit með hlutabréfaeign eigenda og starfsmanna. Eigendur, makar þeirra og ófjárráða börn eða starfsmenn mega ekki eiga hlutabréf í þeim fyrirtækjum sem Grant Thornton endurskoðun ehf. vinnur endurskoðunarvinnu fyrir. Verðbréfaeign allra starfsmanna er skráð í kerfi sem ber heitið Global Independence System (GIS). Verðbréf sem verslað er með í kauphöllum í USA og verðbréf í íslensku kauphöllinni og í ákveðnum öðrum löndum eru skráð í GIS. Verðbréf sem maki, sambýlingur eða börn undir 18 ára aldri eiga skal einnig skrá í gagnagrunninn. Hver starfsmaður skráir eign sína í GIS og svo er skráningin reglulega yfirfarin. Ef starfsmaður, maki eða ófjárráða börn eiga verðbréf í fyrirtæki sem Grant Thornton endurskoðun ehf. hefur verið kjörið til að endurskoða ber félaginu að sjá til þess að eigendur verðbréfanna losi sig við bréfin ekki seinna en 14 dögum eftir ráðningu Grant Thornton endurskoðunar ehf.

Hjá Grant Thornton endurskoðun ehf. gilda verklagsreglur sem skal fylgja ef spurningar vakna varðandi óhæði og siðareglur.

Einnig eru í gildi fyrirbyggjandi verklagsreglur sem tryggja eiga að ekki komi upp sú staða að aðstæður hafi áhrif á eða teljist hafa áhrif á óhæði Grant Thornton endurskoðunar ehf. eða starfsmanna félagsins.

Meðferð trúnaðarupplýsinga

Samkvæmt 30. gr. laga nr. 94/2019 eru endurskoðendur, starfsmenn endurskoðenda, eftirlitsaðilar og hverjir þeir sem taka að sér verk í þágu endurskoðenda eða eftirlitsaðila að virða þagnarskyldu um allt það er þeir kunna að komast að vegna starfa sinna og leynt skal fara samkvæmt lögum eða eðli máls, nema dómari úrskurði að skylt sé að veita upplýsingar fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé til að veita upplýsingar lögum samkvæmt.

Starfsmenn undirrita þagnarskylduákvæði, bæði varðandi viðskiptavini fyrirtækisins og innri starfssemi fyrirtækisins. Þessi trúnaðarskylda fellur ekki niður við starfslok.

Samþykki nýrra og áframhaldandi viðskiptasambanda

Verklagsreglur gilda um stofnun nýrra viðskiptasambanda og eru fyrri viðskiptasambönd metin á hverju ári. Þessar reglur byggja á siðareglum endurskoðenda í kafla 210 um faglega ráðningu og kafla 220 um hagsmunaaárekstra. Við tökum einungis að okkur þau verkefni þar sem við höfum getu, hæfni og sérhæfingu til að veita sem besta þjónustu. Þetta gerum við til að mæta væntingum viðskiptavina og til að tryggja að nýja viðskiptasambandið rýri ekki óhæði, hlutlægni og heiðarleika okkar.

Eftir samþykki nýs viðskiptavinar skal árlega endurnýja samþykki viðskiptanna og skráningu á verkefninu. Þess er einnig krafist að endurskoðunarteymið staðfesti óhæði sitt við upphaf hvers endurskoðunarverkefnis.

Vegna viðskiptavina sem skráðir eru á markað og fyrir viðskiptavini og verkefni sem eru áhættusöm skal framkvæma svokallað „engagement quality control review“ áður en undirritun á sér stað.

Skoðunin skal tryggja að vinnan sé í samræmi við reglur Grant Thornton endurskoðunar ehf. um þess konar verkefni.

Til viðbótar við eigin verkferla Grant Thornton endurskoðunar ehf. og til að tryggja óhæði krefst GTIL þess að aðildarfyrirtækin tileinki sér stefnur og ferla til að tryggja óhæði allra aðildarfyrirtækjanna. Þessir ferlar fela í sér þá skuldbindingu að halda utan um lista af fyrirtækjum sem eru á bannlista (e. restricted) sökum þess að fyrirtækið er að sinna endurskoðunarvinnunni. Þessi listi er einnig skráður á alþjóðlegan bannlista í gegnum kerfi sem GTIL heldur utan um. Alþjóðlegi listinn er aðgengilegur stjórnendum fyrirtækisins á innra neti GTIL.

Fyrirtækinu ber að hafa þennan lista til hliðsjónar þegar verið er að íhuga að veita fyrirtækjum skráðum á markaði aðra þjónustu. Ef nýr viðskiptavinur er á bannlistanum verður að fara yfir áhættuna varðandi óhæði við þann eiganda er sinnir endurskoðuninni svo að önnur þjónusta sé leyfileg.

Mannauðsmál

Starfsfólk Grant Thornton endurskoðunar ehf. er upplýst um þær reglur og fyrirmæli sem skráð eru í gæðakerfinu. Fyrirtækið hefur sett sér reglur sem eiga að tryggja að mönnun þess sé nægjanleg að teknu tilliti til hæfni, getu og viðhorfs til siðareglna. Þetta er gert til að tryggja að verkefni séu unnin í samræmi við lög, reglur og faglega staðla.

Endurmenntun

Við teljum að verulegur hluti af hæfni og kunnáttu fáiast í gegnum dagleg störf. Hins vegar er mikilvægt að styðja við faglega hæfni með menntun og námskeiðum. Starfsmenn okkar sækja námskeið á vegum háskólanna, Félags löggiltra endurskoðenda auk námskeiða sem fyrirtækið stendur fyrir.

Samkvæmt 9. gr. laga nr. 94/2019 er endurskoðendum skylt að sækja endurmenntun sem tryggir að þeir viðhaldi reglulega fræðilegri þekkingu, faglegri hæfni og faglegum gildum. Endurmenntunin skal að lágmarki svara til 20 klukkustunda á ári og samtals 120 klukkustunda á hverju þriggja ára tímabili. Grant Thornton endurskoðun ehf. heldur skrá utan um endurmenntun starfsmanna sinna í samræmi við fyrirnefnda lagagrein.

Námskeið á vegum Grant Thornton endurskoðunar ehf. hafa það að markmiði að starfsmenn vinni samkvæmt hugmyndafræði Grant Thornton International í endurskoðun. Námskeiðin byggjast á því

nýjasta í endurskoðun hverju sinni og grundvallarreglum og aðferðum sem gefnar eru út af GTIL á alþjóðavísu og aðlagðar eru að íslenskum lögum og reglum. Jafnframt eru bókhalds- og skattanámskeið haldin í tengslum við daglega vinnu og nám starfsfólksins.

Framkvæmd og gæðaeftirlit í endurskoðunarverkefnum

Grant Thornton endurskoðun ehf. vinnur eftir EQCM (Ethics and quality control manual). Þessar reglur og fyrirmæli tryggja að hæfileg vissa sé um að verkefni séu leyst í samræmi við lög, reglur og faglega staðla. Leiðarvísirinn er byggður á ISQC 1 og IFAC Code of ethics sem styðst við alþjóðlegu hugmyndafræðina sem endurskoðunarvinnan byggir á.

Grant Thornton endurskoðun ehf. vinnur eftir gæðaeftirlitskerfi sem styður fyrirtækið í að veita öfluga og örugga endurskoðun. Þetta kerfi byggir á eftirfarandi:



Hugmyndafræði GTIL um endurskoðun en hún byggir á alþjóðlegum stöðlum um endurskoðun, alþjóðlegum stöðlum um gæðaeftirlit og siðareglum endurskoðenda (IFAC Code of Ethics for Professional Accountants).



Samskiptareglum sem veita aðildarfyrirtækjum aðgang að sérfræðingum í endurskoðun annarra aðildarfyrirtækja GTIL



Viðamiklu innra neti sem inniheldur nýjar upplýsingar fyrir aðildarfyrirtækin um viðeigandi staðla, alþjóðlegan bannlista, International Financial Reporting Standards help desk (þjónustuborð), upplýsingar um það sem er efst á baugi, sniðmát fyrir ársreikninga og fleira.

Vöktun

Innan fyrirtækisins er vöktun sem tryggir með hæfilegri vissu að reglur og fyrirmæli gæðaeftirlitskerfisins séu viðeigandi, nægjanleg og skilvirk. Ef upp koma veikleikar í gæðaeftirliti eru settar fram leiðir til úrbóta og þeim fylgt eftir. Einnig fara stjórnendur félagsins yfir niðurstöður vöktunar. Gæðaeftirlitsstjóri (e. quality control manager) er ábyrgur fyrir vöktunarferlinu.

Áritunarendurskoðendur og hámarkstími í endurskoðun

Stofan fer eftir fyrirmælum í handbók GTIL um siðferðis og gæðamál (EQCM) um starfstíma (e. rotation requirements) áritunarendurskoðenda og lykilstarfsfólks í endurskoðunarverkefnum. Til að fylgja ákvæðum laga og reglna um hámarkstíma áritunarendurskoðenda í verkefnum, þá er árlega farið yfir starfstímamann og endurskoðunarteymi verkefna sett upp með það að leiðarljósi.

Ytra gæðaeftirlit

Samkvæmt 31. gr. laga nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun er endurskoðunarfyrirtækjum og endurskoðendum sem þar starfa og sjálfstætt starfandi endurskoðendum skylt að sæta gæðaeftirliti eigi sjaldnar en á sex ára fresti. Endurskoðendafyrirtæki sem annast endurskoðun eininga tengdum almannahagsmunum skulu sæta gæðaeftirliti eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti. Gæðaeftirlitið er framkvæmt á vegum Endurskoðendaráðs og því til viðbótar innra gæðaeftirliti félagsins.

Síðasta gæðaeftirlit var framkvæmt af endurskoðendaráði á árinu 2018. Hlutverk endurskoðendaráðs er að hafa eftirlit með því að endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki ræki störf sín í samræmi við ákvæði laga nr. 94/2019, síðareglur Félags löggiltra endurskoðenda og aðrar reglur sem taka til starfa endurskoðenda. Gæðaeftirlitið felur í sér könnun á gæðastjórnun fyrirtækisins og nær til allra félaga FLE sem bera ábyrgð á endurskoðunarverkefnum.

Síðasta gæðaeftirlit sem framkvæmt var af Grant Thornton International Ltd. (GTIL) var unnið í ágúst 2017. Gæðaeftirlitsaðilarnir fóru yfir hluta af ferlum Grant Thornton endurskoðunar ehf. og voru nokkur af endurskoðunarverkefnum fyrirtækisins valin til skoðunar. Öll aðildarfyrirtækin eru skuldbundin til þess að gangast undir skoðun gæðaeftirlitsaðila sem kallast Grant Thornton International Audit Review (GTAR). En GTAR er kerfisbundin skoðun á gæðuferlum aðildarfyrirtækjanna og er framkvæmt einu sinni á þriggja ára fresti af

óháðum og færum eigendum og stjórnendum annarra aðildarfyrirtækja GTIL undir stjórn GTIL. Eftirlitsferlið er hannað til að fylgjast með því að aðildarfélagin fylgi alþjóðlegum stöðlum og ferlum og stefnum GTIL (Grant Thornton International's audit quality control policies and procedures).

Stjórnendur Grant Thornton endurskoðunar ehf. staðfesta, í samræmi við d. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 537/2014, skilvirkni innra gæðaeftirlits fyrirtækisins. Gæðaeftirlitið á að tryggja að endurskoðun sé framkvæmd í samræmi við lög, reglur og alþjóðlega staðla sem gilda um endurskoðun á hverjum tíma.



Einingar tengdar almannahagsmunum

Eining tengd almannahagsmunum:










Samkvæmt 3. tölulið 2.gr. laga nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun eru eftirtaldir aðilar flokkaðir sem einingar tengdar almannahagsmunum, miðað við árslok 2021:

- a.** Lögaðili sem er með skráð lögheimili á Íslandi og hefur verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.
- b.** Lífeyrissjóður sem hefur fullgilt starfsleyfi.
- c.** Lánastofnun eins og hún er skilgreind í lögum nr. um fjármálafyrirtæki.
- d.** Félag sem hefur starfsleyfi til að reka váttryggingastarfsemi hér á landi samkvæmt lögum um váttryggingastarfsemi.
- e.** Lögaðili sem á fiskiskip með aflahlutdeild samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða og lögum um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og telst vera stórt félag í skilningi d-liðar 11. tölul. 2. gr. laga um ársreikninga. Einnig lögaðili sem hefur rekstrarleyfi samkvæmt lögum um fiskeldi og telst vera stórt félag í skilningi d-liðar 11. tölul. 2. gr. laga um ársreikninga.
- f.** Stórnotandi, dreifiveita eða flutningsfyrirtæki sem samkvæmt skilgreiningu raforkulaga sem telst vera stórt félag í skilningi d-liðar 11. tölul. 2. gr. laga um ársreikninga. Einnig lögaðili sem starfrækir raforkuver/virkjun samkvæmt skilgreiningu raforkulaga, eða hitaveitu samkvæmt skilgreiningu orkulaga, og telst vera stórt félag í skilningi d-liðar 11. tölul. 2. gr. laga um ársreikninga.

- g.** Lögaðili sem hefur flugrekstrarleyfi samkvæmt lögum um loftferðir og telst vera stórt félag í skilningi d-liðar 11. tölul. 2. gr. laga um ársreikninga.
- h.** Lögaðili sem hefur leyfi til rekstrar fjarskiptanets samkvæmt lögum um fjarskipti og telst vera stórt félag í skilningi d-liðar 11. tölul. 2. gr. laga um ársreikninga.
- i.** Lögaðili sem sinnir farmflutningum samkvæmt siglingalögum og telst vera stórt félag í skilningi d-liðar 11. tölul. 2. gr. laga um ársreikninga.

Skrá yfir einingar tengdar almannahagsmunum

Hér að neðan er skrá yfir einingar tengdar almannahagsmunum sem Grant Thornton endurskoðun ehf. hefur annast lögboðna endurskoðun fyrir á næstliðnu fjárhagsári sem lauk **31. desember 2021**:

-  Eftirlaunasjóður FÍA
-  Félagsbústaðir hf.
-  Nesfiskur ehf.
-  ON Power ohf.
-  Orka nátturunnar ohf.
-  Orkuveita Reykjavíkur
-  OR - vatns og fráveita sf.
-  Reykjavíkurborg
-  Veitur ohf.

Starfskjör eigenda

Markmið umbunarkerfis eigenda er að hvetja, viðurkenna og verðlauna eigendur á grundvelli framlags þeirra til þróunar fyrirtækisins, bæði faglega og viðskiptalega þróun.

Starfskjör eigenda taka mið af ábyrgð þeirra og umsjón gagnvart viðskiptavinum annars vegar og ábyrgð á innra starfi og stjórnun hins vegar.





Grant Thornton

An instinct for growth™

© 2022 Grant Thornton International Ltd. All rights reserved.

'Grant Thornton' refers to the brand under which the Grant Thornton member firms provide assurance, tax and advisory services to their clients and/or refers to one or more member firms, as the context requires. Grant Thornton International Ltd (GTIL) and the member firms are not a worldwide partnership. GTIL and each member firm is a separate legal entity. Services are delivered by the member firms. GTIL does not provide services to clients. GTIL and its member firms are not agents of, and do not obligate, one another and are not liable for one another's acts or omissions.